



Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. júní 2020  
Tilvísun: 2020060383

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að reglugerð um neyslurými

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar úr samráðsgátt mál nr. 112/2020, „Reglugerð um neyslurými. HER hefur farið yfir drögin og gerir eftirfarandi umsögn.

HER telur jákvætt að settur sé rammi um rekstur og starfsemi neyslurýma en gerir athugasemd við að starfsemi neyslurýma sé ekki starfsleyfis skyld á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. HER telur að starfsemina eigi að skilgreina sem heilbrigðis- og meðferðarstofnun skv. skilgr. í 3. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, en þar segir: "Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir eru sjúkrahús og aðrar sjúkrahústofnanir, lækna- og heilsugæslustöðvar og starfsemi þar sem tveir eða fleiri heilbrigðisstarfsmenn starfa saman, svo og stofnanir fyrir aldraða og fatlaða, áfangageimili, hvers konar þjálfunarstofnanir, sjúkranuddstofur, meðferðar- og endurhæfingarstofnanir". Í 7. gr. reglugerðardraganna er tekið fram að notendur eigi aðgang að þjónustu, m.a. einstaklingsráðgjöf um neyslu og einfalda heilbrigðisþjónustu s.s. hreinsun sára og mat á sýkingum. Einnig segir í 8. gr. að boðið skuli vera upp á sturtuáðstöðu og aðstöðu til meðhöndlun sára, saumatöku og blóðþrýstingsmælingar í aðskildu rými frá neyslurýminu sjálfu. Loks er tekið fram í 10. gr. að vaktstjóri skuli hafa menntun á sviði heilbrigðisvísinda og a.m.k. einn starfsmaður á hverri vakt. HER telur því óumdeilt miðað við fyrrgreint að starfsemi neyslurýma falli undir skilgreiningu um heilbrigðis- og meðferðarstofnun sbr. tilvísun í reglugerð um hollustuhætti hér að ofan og eigi því að vera starfsleyfis- og eftirlitsskyld starfsemi.

Að mati HER ætti að bæta inn í 4. gr. reglugerðardraganna tilvísun í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og taka fram að starfsemin sé háð leyfi og eftirliti heilbrigðisnefndar. Aðeins er í greininni tilvísun um að húsnæði neyslurýmis uppfylli skilyrði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ekki er verið að horfa til þess að húsnæðið uppfylli skilyrði fyrir notendur þjónustunnar. Nauðsynlegt er að eftirlit sé haft með þrifum, aðbúnaði og öryggi þjónustuþega, viðhaldi húsnæðis og förgun sóttmengaðs úrgangs s.s. sprautunála og sáraumbúða.

Einungis er gert ráð fyrir að starfsemin sé háð rekstrarleyfi heilbrigðisráðuneytisins skv. 4. gr. og sérstaklega er tekið fram í 1. gr. um gildissvið að ákvarðanir á grundvelli reglugerðarinnar séu ekki stjórnsvaldsákvarðanir. Rekstrarleyfið myndi aldrei taka til mikilvægra þátta starfseminnar er varða hollustuhætti og mengunarvarnir og nauðsynlegt er að séu undir eftirliti sbr. ofangreint og ekki væri hægt að beita kröfum um úrbætur er varða þá þætti.



Þá bendir HER á að ekki er tekið fram í reglugerðardrögunum að húsnæðið þurfi að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar og hafi samþykki byggingarfulltrúa til þessarar notkunar, eins er ekki tekið fram að staðsetningu skuli ákveða í samráði við skipulagsyfirlögd, aðeins er gert ráð fyrir samráði við lögreglu um staðsetningu skv. 6. gr.

Í 13. gr. er fjallað um framfylgd reglna um aðgang að neyslurýminu og er tekið fram að leiki vafi á að einstaklingur hafi náð 18 ára aldri sé heimilt að krefja viðkomandi um skilríki. Að mati HER þarf hér að koma fram hvaða aðgerða á að grípa til ef barn reynir að fá aðgang að neyslurými, að kallað sé á aðstoð fyrir það eða máli þess beint í viðeigandi farveg hjá barnaverndar- og félagsmálayfirvöldum.

Loks veltir HER því fyrir sér hvort krafum umfangsmikla söfnun persónuupplýsinga, þ.e. nafn, kyn og búsetu geti dregið úr vilja fólks til að nota neyslurýmin. Mikilvægast er að notendur geti fengið aðgang að rýmum til skaðaminnkunar og aukins öryggis, sbr. markmið í 2.gr. reglugerðardraganna.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi

Ástrún Eva Sívertsen  
Heilbrigðisfulltrúi